



## Sérkjarasamningur febrúar 2024

milli

**NPA miðstöðvarinnar**

annars vegar

og

**Eflingar-stéttarfélags og Starfsgreinasambands Íslands (SGS)**

hins vegar

**um heimil frávik frá vakta- og hvíldartíma**

Gildir frá 1. febrúar 2024 – 1. febrúar 2028

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "PGS". It is positioned above a faint, illegible printed name.

Three handwritten signatures in blue ink. The top one reads "ROL SEO". Below it are two other signatures, one starting with "S.S." and another with "B.B.".

## Gildissvið og heimil frávik frá vakt- og hvíldartíma

Sérkjarasamningur þessi grundvallast á ákvæði 53. gr. b í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað og hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Með ákvæðinu er samtökum aðila á vinnumarkaði veitt heimild til þess að víkja með samkomulagi frá ákvæðum 53. gr. og 56. gr. laga nr. 46/1980, svo sem nánar greinir í ákvæðinu. Heimild til frávika samkvæmt sérkjarasamningi þessum gildir einungis fyrir aðstoðarfólk sem starfar hjá NPA miðstöðinni á grundvelli beins ráðningarsambands samkvæmt ráðningarsamningi við NPA miðstöðina. Um önnur atriði en greinir í sérkjarasamningi þessum fer samkvæmt aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Starfsgreinasambands Íslands við NPA miðstöðina vegna aðstoðarfólks fatlaðs fólks í NPA.

### 1.1 Greiðslur á sólarhringsvöktum

Skipulag sólarhringsvakta skv. gr. 1.2 og 1.3 í samningi þessum er einungis heimilt ef alla jafna er hægt að uppfylla lágmarkshvíld skv. gr. 1.2 og 1.3 í samningi þessum.

Fyrir þann tíma sem telst hvíld á vöktum skal greiða dagvinnugrunn. Sé hvíld rofin skal greiða viðeigandi álag sbr. gr. 3.4 – 3.6 í aðalkjarasamningi Eflingar og SGS við NPA miðstöðina til viðbótar dagvinnugrunni fyrir þann tíma sem unnið er, eða a.m.k. eina klukkustund.

Ef skilyrði um hvíld eru ekki uppfyllt þá skal greiða viðeigandi álag alla vaktina.

Fyrir hverja sólarhringsvakt skal tryggja að lágmarki 24 klukkustunda hvíld í lok vaktar.

### 1.2 Stakar sólarhringsvaktir

Á 24 klukkustunda vakt aðstoðarfólks má takmarka hvíldartíma við samliggjandi 8 klukkustundir á milli kl 22:00 til 10:00 með að hámarki tveimur rofum sem eru að hámarki hvort 15 mín.

### 1.3 Samfelloðar sólarhringsvaktir

Séu unnar fleiri en ein 24 klukkustunda vakt í röð má takmarka hvíld við samliggjandi 8 klukkustundir á milli kl 22:00 til 10:00 á hverjum sólarhring með að hámarki einu rofi sem er að hámarki 15 mín. Vaktir skulu ekki skipulagðar fleiri en tvær í röð. Séu vaktir skipulagðar með þessum hætti skal miða við að a.m.k. 48 klukkustundir líði á milli vaka.

### 1.4 Styttri hvíldarvaktir

Heimilt er að skipuleggja styttri hvíldarvaktir á bilinu 8 – 12 klukkustundir að lengd. Skal þá hvíld fara fram á milli kl 22:00 til 10:00 auk þess að vera a.m.k. 5 samliggjandi klukkustundir með að hámarki einu rofi sem er að hámarki 15 mín.

### 1.5 Lengri hvíldarvaktir

Heimilt er að skipuleggja lengri hvíldarvaktir á bilinu 12 – 24 klukkustundir. Skal þá hvíld fara fram á milli kl 22:00 til 10:00 og vera a.m.k. 8 samliggjandi klukkustundir með að hámarki tveimur rofum sem eru að hámarki 15 mín hvort. Fyrir hverja lengri vakt skal tryggja að lágmarki 24 klukkustunda hvíld í lok vaktar.

### 1.6 Skilyrði um hvíldaraðstöðu og eldunaraðstöðu

Skilyrði fyrir gr. 1.1, 1.2, 1.3, 1.4 og 1.5 í samningi þessum er að hvíldaraðstaða sé fyrir hendi í sérstöku rými sem ekki er notað til annars á meðan á vakt stendur. Einnig skal tryggt að það rými sé ekki í návígí við tæki eða búnað sem gætu truflað hvíld. Rýmið skal búið góðri svefnáðstöðu og hreinum rúmfötum. Það á m.a. að vera í hæfilegri nálægð við salerni og handlaug.

Aðstoðarfólk skal hafa aðstöðu til að elda mat.

### 1.7 Óviðráðanlegar aðstæður/neyðartilfelli

Við óviðráðanlegar aðstæður/neyðartilfelli geta komið upp til tilvik þar sem ekki næst að uppfylla ákvæði um lágmarkshvíld og telst vaktin þá ekki hvíldarvakt og skal greiða álag á alla vaktina. Tryggja skal að aðstoðarfólk fái eins fljótt og við verður komið viðunandi hvíldartíma.

## 2.1 Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16.00 þann 24. maí 2024 skoðast hann samþykktur.

Kópavogi, 3. maí 2024

F.h. NPA miðstöðvarinnar  
með fyrirvara um samþykki  
félagsfundar NPA miðstöðvarinnar

  
Björn Þorsteinnardóttir

F.h. Eflingar - stéttarfélags  
með fyrirvara um samþykki  
félagsmannar

  
Sigurður Egill Ólafsson  
F.h. Starfsgreinasambands Íslands  
með fyrirvara um samþykki  
framkvæmdastjórnar

  
Þóra Björn Þorsteinnardóttir

  
Tryggvi Þórhallsson